

við frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 5. gr. Greinin hljóði þannig:  
Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra Húsnæðismálastofnunar ríkisins að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.  
Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk stofnunarinnar samkvæmt tillögum húsnæðismálastjórnar.
2. Við 7. gr. Orðin „endurbóta og endurhæfingar“ falli niður. Í stað þeirra komi: og endurbóta.
3. Við 20. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, sem verði 3. mgr., svo hljóðandi:  
Lán samkvæmt þessari grein mega koma til viðbótar lánum samkvæmt 2. tl. 10. gr., en samtals mega þau lán þó aldrei nema hærri fjárhæð en lán til nýbyggingar.
4. Við 26. gr. Úr 3. mgr. falli niður orðin „fyrir milligöngu viðskiptabanka“.
5. Við 27. gr. Við málsgreinina bætist:  
og staðfesting á því að umsóknin sé ekki lánshæf hjá sérsjóðum iðnaðarins.
6. Við 29. gr.
  - a) Úr 1. málslíð falli niður orðið „viðurkenndum“.
  - b) Í stað orðanna „Húsnæðismálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. komi: húsnæðismálastjórnar.
7. Við 32. gr.
  - a) 2. mgr. orðist svo:  
Í reglugerð skal ákveðin stærð staðalíbúða og flokkun umsækjenda í lánaflokka.
  - b) Fyrir orðin „Húsnæðismálastofnun ríkisins lætur hanna“ í 3. mgr. komi: Húsnæðismálastjórn ákveður.
8. Við 33. gr.
  - 1) Stafliður a orðist svo:  
Íbúðir í verkamannabústöðum sem byggðar eru eða keyptar á vegum stjórnna verkamannabústaða og ætlaðar eru til sölu handa láglaunafólki, sem fullnægi skilyrðum þeim sem sett eru í þessum kafla laganna.
  - 2) Á eftir orðunum „sem byggðar eru“ í b-lið komi: eða keyptar.
9. Við 40. gr. Greinin hljóði svo:  
Íbúðir í verkamannabústöðum mega ekki vera stærri en staðalíbúðir, skv. 32. gr. þessara laga, fyrir hlutaðeigandi fjölskyldu.
10. Við 78. gr. Greinin hljóði svo:  
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1980. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins með áorðnum breytingum, og reglugerðir settar á grundvelli þeirra, nema V. kafli, sbr. lög nr. 59/1973.
11. Við ákvæði til bráðabirgða. Á eftir 3. tl. komi tveir nýir tölulíðir sem verði 4. og 5. tl., svo hljóðandi:
  4. Þær íbúðir í verkamannabústöðum, sem eru í byggingu og orðnar fokheldar þegar lög þessi taka gildi, skulu fjármagnaðar og hljóta lánakjör samkvæmt eldri lögum.  
Sama gildir um leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga þar sem framkvæmdir eru hafnar eða samningar undirritaðir við gildistöku laganna, þá skal þeim lokið samkvæmt lögum nr. 38/1976. Þær íbúðir, sem ekki hafa verið samþykktar af húsnæðismálastjórn, en áætlað var að byggja samkvæmt þeim lögum, skulu falla undir kaflann um félagslegar íbúðabyggingar í þessum lögum.
  5. Stjórnir verkamannabústaða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu starfa áfram til ársloka 1980, en fyrir þann tíma skulu allar sveitarstjórnir, sem lög þessi taka til, og félagasamtök launafólks hafa tilnefnt fulltrúa í stjórn verkamannabústaða í viðkomandi byggðarlagi samkv. 39. gr. þessara laga. Kjörtímabil þeirra stjórnna verkamannabústaða, sem þá verða skipaðar, skal vera út kjörtímabil núverandi sveitarstjórnna.